

249. fundur - 15. maí 2006

Ár 2006 þann 15. maí kom hreppsnefnd Reykhólahrepps saman til fundar. Fundurinn hófst kl. 15:00 og var haldinn á Reykhólum. Mættir allir aðalmenn nema Björk Bárðardóttir. Í hennar stað mættur Guðmundur Ólafsson. Sveitarstjóri sat einnig fundinn og reit fundargerð.

Fundurinn hófst með því að oddviti bauð menn velkomna og las upp boðaða dagskrá.

Sveitarstjóri óskaði eftir að leggja fram fimm mál undir liðnum “önnur mál.” Oddviti óskaði eftir að leggja fram eitt mál og varaoddviti þrjú mál. Samþykkt.

Var nú gengið til dagskrár.

Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins

- 1) Sveitarstjóri fór yfir fundargerð síðasta fundar (248. fundar) sem haldinn var 18. apríl. Sveitarstjóri lagði fram umsagnir lögreglustjóra og heilbrigðiseftirlits varðandi vínveitingaleyfi fyrir Hótel Flatey og Hótel Bjarkalund. Samþykkt að gefa út vínveitingaleyfi fyrir báða staðina. Engar athugasemdir að öðru leyti.
- 2) Fundargerð minka- og refanefndar 27. apríl. Þar leggur nefndin til að verðlaun fyrir unninn mink verði kr. 7.000,-
Samþykkt að greiðsla fyrir unninn mink verði kr. 12.000,- verðlaun, vinnulaun og akstur. Aðeins verði greitt samkvæmt samningi við viðkomandi veiðimenn sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu. Ekki verði greitt fyrir ófædda hvolpa. Samið verði sérstaklega um vorleit í varplöndum ef þurfa þykir. Sveitarstjóra og varaoddvita falið að ganga frá vinnureglum í sambandi við vorleit.
- 3) Fundargerð bygginganefndar íþróttahúss 27. apríl. Samþykkt.
- 4) Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 4. maí 2006.
 1. liður samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.
 2. liður samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.
 3. liður samþykktur með öllum greiddum atkvæðum (Guðmundur Ólafsson sat hjá)
 4. liður samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.
 5. liður. Fjórir samþykkir. Bjarki Stefán sat hjá og áskildi sér rétt til að að leita umsagnar fagaðila.
 - 6-7. liður til kynningar.
 8. liður. Sveitarstjóra falið að finna leikskólastjóra.
 9. liður til kynningar.
- 5) Fundargerð stjórnar Barmahlíðar 10. maí. Samþykkt.

Mál til afgreiðslu

- 1) Samþykkt kjörskrár fyrir sveitarstjórnarkosningar 27. maí. Lagður fram kjörskrárstofn frá Hagstofu Íslands. Kjörskrá yfirfarin. Einn íbúi látinn (4. maí). Á kjörskrá eru þá 103 karlar og 86 konur. Samtals 189.
- 2) Fundargerð fundar 9. maí um endurskipulagningu verslunarrekstrar í sveitarfélaginu. Hreppsnefnd er reiðubúin að að skoða þann möguleika að kaupa verslunarhúsnæði á Reykhólum og leigja það væntanlegu einkahlutafélagi, ef það mætti verða til að renna styrkari stoðum undir áframhaldandi verslunarrekstur í sveitarfélaginu.
- 3) Flutningur á rúlluplasti úr sveitarfélaginu, tilboð frá Gámaþjónustu Vesturlands. Skoða þarf málið betur. Málinu frestað.
- 4) Staðardagskrá 21 fyrir Reykhólahrepp. Fyrir liggja jákvæðar umsagnir Kaupfélags Króksfjarðar og Þörungaverksmiðju. Egill lagði til breytingu á bls. 16 (málefni barna og unglinga); leiklistarnámskeið yrði breytt í leikjanámskeið. Samþykkt.

Staðardagskrá 21 fyrir Reykhólahrepp samþykkt þannig breytt með öðrum áorðnum breytingum frá fyrra fundi.

Mál til kynningar

- 1) Sparkvallaátak KSÍ, umsókn Reykhólahrepps um sparkvöll á Reykhólum árið 2007 samþykkt.
- 2) Tvær samþykktir 68. íþróttapings ÍSÍ er varða sveitarfélög í landinu.
- 3) Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða 17. maí á Hólmavík, erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga.
- 4) Fyrirhugaðar hafnarbætur í Flatey á Breiðafirði, afrit af erindi Tryggva Gunnarssonar til samgöngunefndar Alþingis og þingmanna kjördæmisins. Sveitarstjóra falið að senda fjárlaganefnd Alþingis bréf til stuðnings sjónarmiðum bréfitara.
- 5) Viðskipta- og markaðsáætlun fyrir heilsuhótel (SPA), erindi frá Impru nýsköpunarmiðstöð (synjun um styrk).
- 6) Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum, 67. og 68. fundur (fundargerðir)
- 7) Styrkur 2006. Bæja- og húsakönnun í Flatey á Breiðafirði. Erindi frá Húsafriðunarnefnd ríkisins.
- 8) Breiðafjarðarnefnd, 67. fundur (fundargerð)
- 9) 733. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga (fundargerð)
- 10) Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis, 54. fundur (fundargerð)
- 11) Úrskurður Umhverfisstofnunar vegna lagningar vegar um Arnkötludal í Hólmavíkurbreppi og Gautsdal í Reykhólahreppi.
- 12) Arnarskoðun í Skotlandi og framtíðarvegstæði (jarðgöng) Vestfjarðavegar í Gufudalssveit. Erindi frá Ástu Þorleifsdóttur jarðfræðingi.

Önnur mál

- 1) Ítrekun frá foreldrafélagi Hólabæjar varðandi úrbætur við leikskólann.
- 2) Uppkast að dagskrá Reykhóladags 24. júní 2006
- 3) Ísetning dælu í tankbíl fyrir slökkvibíl Reykhólahrepps frá Sveini Ragnarssyni. Von er á öðru tilboði. Sveitarstjóra og oddvita falið að semja við þann sem betur býður.
- 4) Erindi frá Birni Samúelssyni og Halldóri Sigurðssyni sem báðir búa við Reykjabraut. Óskað er eftir bundnu slitlagi á Reykjabraut og Grettiströð á Reykhólum til að leysa af hólmi holur og rykmekki. Ljúka þarf ýmsum frágangi á vegum sveitarfélagsins áður en bundið slitlag verður lagt á Reykjabraut.
- 5) Rætt um skólaakstur. Ákveðið að bjóða út skólaakstur næsta skólaár.
- 6) Erindi frá ungmennafélaginu Aftureldingu. Óskað er eftir samstarfi um gerð íþróttavallar á Reykhólum. Enn fremur er óskað eftir styrk til íþróttæfinga árið 2006 að upphæð kr. 150.000,-

Samþykktur styrkur kr. 100.000,- og samstarfi um gerð íþróttavallar fagnað. Egill sat hjá.

Í fundarlok kynnti Guðmundur Ólafsson nýtt námsspil um Reykhólahrepp fyrir fundarmönnum. Það heitir “Hlíðin mín fríða” og er höfundur þess Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir kennari við Reykhólaskóla.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 20:40

Bjarki Stefán Jónsson (sign)

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Guðmundur Ólafsson (sign)

Þórður Jónsson (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)
Einar Örn Thorlacius (sign)